



## **BA-ritgerð**

### **Sagnfræði**

**„Ég hef engan svikið með mínum verkum,  
allt var þetta skóli“**

Vinnukonur í þéttbýli á 2.–4. áratug 20. aldar

Kristín Marselíusardóttir

**Leiðbeinandi Erla Hulda Halldórsdóttir  
Október 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Sagnfræði**

**„Ég hef engan svikið með mínum verkum,  
allt var þetta skóli“**

*Vinnukonur í þéttbýli á 2.–4. áratug 20. aldar*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Kristín Marselíusardóttir**

**Kt.: 010888-2479**

**Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir**

**September 2019**

## Ágrip

Vinnukonustéttin var fjölmennasta stétt launavinnandi kvenna á fyrstu áratugum 20. aldar. Ekki var um auðugan garð að gresja þegar kom að atvinnumöguleikum kvenna. Þótt konum sem fengust við kennslu og verslunarstörf fjölgaði þegar leið á öldina, svo dæmi séu tekin, þá var fátt annað í boði en að vinna inni á heimilum hjá öðrum. Lítið var á vinnukonustarfið sem tímabundna stöðu í lífi kvenna, og spannaði hún tímabilið frá unglingsárum og þar til þær gengu í hjónaband. Talað hefur verið um að það að vera vinnukona inni á góðu heimili hafi verið góður vettvangur fyrir efnaminni stúlkur til að læra hússtjórn, matreiðslu, þrifnað og önnur heimilisstörf. En aðstæður í vistunum voru oft erfiðar, vinnudagarnir langir, lítið um frí og mikið um líkamlega vinnu. Í ritgerðinni verður fjallað um vinnukonur sem unnu inni á heimilum í þéttbýli, einkum Reykjavík, á fyrstu áratugum 20. aldar. Byggt er á viðtölum (spurningaskrá) sem tekin voru á vegum Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns 1983-1987. Viðtölin verða greind, farið yfir aðstæður, vinnuskyldur, kaup og kjör, frí og hvernig lífið almennt var í vistunum. Viðhorf kvennanna til vistarinnar verða skoðuð og spurningunni um hvort þær hafi lítið á þetta sem tækifæri til menntunar verður svarað. Viðtölin eru sett í samhengi við stöðu kvenna á þessum tíma og ríkjandi hugmyndir um hlutverk og eðli kvenna. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að flesta stúlkur sem fóru í vist gerðu svo vegna þess að þær urðu að fara að vinna fyrir sér og í mörgum tilfellum litu þær á það sem tækifæri til að læra hússtjórn og heimilishald. Vistin hefur því verið eins konar skóli í augum margra.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	1
Inngangur .....	3
1. Fræðilegt samhengi .....	5
2. Sögulegur bakgrunnur .....	6
2.1 Þjóðfélagsbreytingar í byrjun 20. aldar .....	6
2.2 Húsnæði og heimilin .....	7
2.2 Staða kvenna .....	9
3. Vinnukonur inn á heimilum .....	10
4. Viðtölin .....	12
4.1 Aðstæður .....	14
4.2 Vinnuskyldur .....	15
4.4 Vinnukonur á minni þéttbýlisstöðum .....	18
4.5 Kaup og kjör .....	19
4.6 Frítíminn og einkalíf .....	21
4.8 Ástæða fyrir vistinni, tækifæri til að læra? .....	23
Niðurstöður .....	25
Heimildarskrá .....	27
Töfluskrá .....	29

## Inngangur

Í ritgerðinni verða skoðaðar frásagnir kvenna sem voru í vist í þéttbýli á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Meginmarkmiðið er að skoða vinnuskyldur, réttindi, kjör og aðstæður vinnukvenna eins og þeim er lýst í viðtölum (spurningalistum) sem varðveitt eru á Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands, en út frá viðtölunum má draga upp áhugaverðar lýsingar á störfum vinnukvenna í þéttbýli. Jafnframt er þeirri spurningu velt upp hvernig konurnar litu sjálfar á vinnukonustarfið, hvort þær litu á það sem tímabundið starf og þá um leið sem tækifæri til að mennta sig í húsmæðrastörfum, eða hvort þetta hafi einungis verið eina leiðin til að sjá sér farborða. Einnig verður kannað hvort það megi sjá einhvern mun á störfum á heimilum í Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum. Viðtölin gefa einnig tilefni til að spyrja um stéttamun og samfélagslega stöðu.

Til grundvallar rannsókninni eru áður nefnd viðtöl Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns sem voru tekin um 1983-1987 undir heitinu „Konur í vist“,<sup>1</sup> Viðmælendur eru konur sem höfðu verið í vist á 2., 3. og 4. áratug 20. aldar. Hér er því byggt á munnlegum heimildum, en munnleg saga hefur reynst mikilvæg þegar skoðuð er saga kvenna og hinna ýmsu jaðarhópa samfélagsins.<sup>2</sup>

Nokkuð hefur verið skrifað um vinnukonur og störf kvenna um aldamótin 1900. Rannsóknir Sigríðar Th. Erlendsdóttir, og þá helst grein hennar „Í vist“ sem birtist í *Konur skrifa - til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, sem og rit hennar um Kvenréttindafélag Íslands, *Veröld sem ég vil*, verða skoðaðar með tilliti til stöðu kvenna á tímabilinu. Einnig er stuðst við bókina *Íslandsdætur* eftir Símon Jón Jóhannsson og Ragnhildi Vigfúsdóttir sem gefur ágætt yfirlit yfir sögu kvenna frá 1850-1950.<sup>3</sup> Möguleikar kvenna á tímabilinu verða skoðaðir með tilliti til kynjasjónarhornsins og hugmyndir samfélagsins til hlutverks og eðli kvenna. Þær rannsóknir sem best gefa sýn á möguleika kvenna eru m.a. rannsóknir Ólafar Garðarsdóttur um þátt kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi, sem og rannsóknir Sigríðar K. Þorgrímsdóttir um möguleika ógiftra kvenna um aldamótin.

Gerð verður í stuttu máli grein fyrir þeim þjóðfélagsbreytingum sem áttu sér stað í upphafi 20. aldar og þeim breytingum sem urðu á heimilum á tímabilinu og verður þá helst

---

<sup>1</sup> Viðtölin eru aðgengileg inn á Sarpur.is. Vef. Þjms. „Konur í vist“, spurningaskrá 55a.

<sup>2</sup> Abrams, Lynn, *Oral History Theory*, bls. 4.

<sup>3</sup> Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar á Íslandi“, bls. 241.

stuðst við yfirlitsrit yfir tímabilið. eins og kafla Gunnar Karlssonar í *Sögu Íslands* og bók Helga Skúla Kjartanssonar, *Ísland á 20. öld*.

Lokaritgerðir í sagnfræði um atvinnu kvenna á fyrstu áratugum 20. aldar eru ekki ýkja margar. Þó ert vert að minnast á Cand. mag. ritgerðar Sigríðar Th. Erlendsdóttir frá 1981, *Atvinna kvenna í Reykjavík 1890-1914*.<sup>4</sup> Þar rannsakar hún m.a. vinnukonur sem unnu inni á heimilum í Reykjavík. Á Árbæjarsafni má finna óútgefið rit Kristínar Ástgeirsdóttir um vinnukonur í þéttbýli, byggt á viðtölum sem hún sjálf tók í byrjun 9. áratugsins.<sup>5</sup> Einhver af þeim viðtölum má finna í áðurnefndum spurningalista og veitir ritið góða innsýn inn í líf og störf vinnukvenna.

Almennt er litið svo á að á tímabilinu rétt eftir aldamótin 1900 hafi það verið lokatakmark flestra kvenna að giftast og reka sitt eigið heimili, og vinnukonustörfin því einungis tímabundið skeið í lífi kvenna.<sup>6</sup> Í æviminningum kvenna, og innan fjölskyldna, er stundum talað um konur sem voru í vist á þessum tíma og hvað vistin hafi verið lærdómsrík fyrir húsmóðurhlutverkið. Þá hefur jafnan verið talað um að stúlkur hafi farið í vist til þess að læra.<sup>7</sup> Það er því forvitnilegt að sjá hvað lesa má úr ofangreindum viðtölum um þetta efni.

---

<sup>4</sup> Lbs.-Hbs. Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Atvinna kvenna í Reykjavík 1890-1914*.

<sup>5</sup> Ábs. Kristín Ástgeirsdóttir, *Konur í vist í þéttbýli 1909-1956*.

<sup>6</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 15; Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“, bls. 161-162; Símon Jón Jóhannsson og Ragnhildur Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur*, bls. 108; Lynn Abrams, *The Making of Modern Woman*, bls. 177-178, 180.

<sup>7</sup> Hér er m.a. byggt á frásögnum sem ég hef heyrt úr eigin fjölskyldu um viðhorf til vistarinnar og störf vinnukvenna.

## 1. Fræðilegt samhengi

Til þess að skilja stöðu kvenna og möguleika þeirra í samfélaginu er mikilvægt að þekkja hugtakið kyngervi og hugmyndir um kvenleika. Með hugtakinu kyngervi er átt við menningarbundna og félagslega mótun kynjanna. Hugtakið er nauðsynlegt til að útskýra og skilja mismunandi hlutverk og stöðu kynjanna, sem og að skilja þau kynjuðu valdatengsl sem eru undirliggjandi í samskiptum þeirra.<sup>8</sup> Rannsóknir hafa sýnt fram á að aðgreining á einkasviðinu og opinbera sviðinu hafi styrkt sig verulega í sessi á sama tíma og lýðræðisþróun, iðnbylting og nútímavæðing var í uppgangi. Hlutverk kvenna var skilgreint inni á heimilinu og áttu þær að sjá um heimilishald og barnaupheldi, en hlutverk karlmanna var úti á opinbera sviðinu þar sem stjórnámál og önnur þjóðfélagsmál voru á þeirra könnu. Á 19. öld urðu aldagamlar hugmyndir um hlutverk kynjanna að sérstakri hugmyndafræði.<sup>9</sup> Þeir sagnfræðingar sem einna mest hafa rannsakað þessa þróun hérlendis eru annarsvegar Erla Hulda Halldórsdóttir, en hún rannsakaði menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi frá 1850-1903 í doktorsritgerð sinni *Nútímans konur*, og Sigríður Matthíasdóttir í doktorsritgerð sinni *Hinn sanni Íslendingur* þar sem hún rannsakar þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi á árunum 1900-1930.<sup>10</sup>

Kvenleiki er skilgreindur í orðræðu samfélags út frá ríkjandi menningu hvers tíma og samanstendur af þeim hugmyndum sem samfélagið hefur um hlutverk og eðli kvenna.<sup>11</sup> Þær hugmyndir samfélagsins að konur ættu fyrst og fremst að vera mæður og húsmæður hefur því takmarkað möguleika kvenna þegar kemur að menntun og störfum á opinbera sviðinu. Jafnvel þótt borgaraleg réttindi kvenna hafi aukist upp úr aldamótunum og helstu menntarstofnanir landsins voru opnaðar konum hafa viðteknar hugmyndir samfélagsins um hlutverk og eðli kvenna sett þeim ákveðin mörk.<sup>12</sup> Leiða má líkur að því að þó konur hafi fagnað auknum borgaralegum réttindum sínum, hafi margar verið sáttar við stöðu sína inni á heimilinu og gengust þær því við hugmyndum samfélagsins um hlutverk þeirra. Það er því ekki ólíklegt að

---

<sup>8</sup> Joan W. Scott, „Gender: A Useful Category“, bls. 1054-1056 og 1069.

<sup>9</sup> Sigríður Matthíasardóttir. *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 28-29.

<sup>10</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. 2011; Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. 2004.

<sup>11</sup> Guðný Gústafsdóttir, „Kvenleiki sem orðræða“, bls. 1; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. 2011; Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. 2004.

<sup>12</sup> *Ártöl og áfangar*, bls. 149.

margar stúlkur sem þurftu að vinna fyrir sér hafi litið á það að ráða sig í vist sem ákveðið tækifæri til að fræðast og læra ýmislegt í húsmóðurstörfunum inni á góðum heimilum.

## 2. Sögulegur bakgrunnur

### 2.1 Þjóðfélagsbreytingar í byrjun 20. aldar

Við upphaf 20. aldar urðu víðtækar breytingar á íslensku samfélagi. Landið var á hraðferð inn í nútímalegra samfélag með aukinni lýðræðisþróun og breytingum á atvinnuvegum. Iðnbylting hófst af alvöru á Íslandi á fyrsta áratug aldarinnar, og hafði mikil áhrif á atvinnutækifæri fólks, sem hafði áhrif á aukinn hagvöxt og betri lífskjör fyrir íbúa landsins.<sup>13</sup> Samkvæmt fólksfjöldatölum fjölgaði Íslendingum um 28% á árunum 1901-1930. Breytingar á atvinnuháttum landsmanna höfðu mikil áhrif á atvinnumöguleika fólks sem settist í auknum mæli að í ört stækkandi þéttbýliskjörnum landsins. Ríkisvaldið gat í mun minna mæli fylgst með og haft félagslegt taumhald á þegnum sínum, sem voru farnir að kalla eftir auknu atvinnufrelsi.<sup>14</sup> Atvinnufrelsið fólst t.d. í afnámi laga um lausamennsku 1893, sem gerðu mönnum kleift að losna undan vistarskyldu og sækja sér lífsviðurværi þar sem þeim hentaði.<sup>15</sup> Af því leiddi að mjög fjölgaði í þéttbýli. Árið 1901 bjuggu 22% þjóðarinnar í þéttbýli þar sem íbúatalan var 50 eða fleiri og árið 1920 var það komið upp í 46% landsmanna. 40% þeirra sem settust að í þéttbýli fóru til Reykjavíkur og árið 1918 var íbúafjöldi bæjarins kominn yfir 15.000.<sup>16</sup>

Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur hefur sýnt fram á að hlutur kvenna í þéttbýlismyndun hafi verið mjög mikill á Íslandi. Fleiri konur en karlar voru í landinu, líkt og í flestum öðrum löndum Norður-Evrópu, en hlutfallslega fluttu fleiri konur í kaupþún og annað þéttbýli en karlar. Í þéttbýli höfðu konur meiri tækifæri til að skapa sér sjálfstætt líf og átti það sérstaklega við um ógiftar, barnlausar konur, ógiftar konur með börn og ekkjur. Í landbúnaðarsamfélögum þurftu ekkjur í flestum tilfellum að gefa eftir búforræði sitt og láta sér lynda lægri heimilisstöðu eftir fráfall eiginmanna. Sökum kynjaslagsíðunnar áttu konur enn minni möguleika en karlar á að standa sjálfar fyrir búi í ofsetnum sveitum landsins. Í þéttbýli var

---

<sup>13</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, *Saga Íslands X*, bls. 5-7; Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, bls. 9-39.

<sup>14</sup> Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjöldi og byggðarþróun 1880-1990“, bls. 85-87.

<sup>15</sup> Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 53-54.

<sup>16</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 17-18.



algengara að ekkjur og ógiftar konur gætu staðið fyrir heimilum auk þess sem laun kvenna voru mun hærri í þéttbýli en í sveitum, sérstaklega í störfum sem tengdust fiskiðnaði.<sup>17</sup>

## 2.2 Húsnæði og heimilin

Til að auðveldara sé að átta sig á vinnuaðstæðum vinnustúlkanna er rétt að gera í stuttu máli grein fyrir húsnæði í þéttbýli, en húsnæði breyttist töluvert í byrjun 20. aldar. Fólk flutti í auknum mæli úr gömlu torfbæjunum í nútímalegri timburhús. Í fyrstu voru það aðalega fjölskyldur efnamanna sem bjuggu í timburhúsum. Blómatími timburhúsa náði frá seinustu áratugum 19. aldar til 1915 en árið 1910 voru þau um 80% húsa í þéttbýli. Heimilislífið hefur vafalaust breyst mikið í kjölfar timburhúsanna, því þeim fylgdi m.a breytt herbergjaskipan. Í stað gömlu baðstofunnar, þar sem allt heimilisfólkið vann, svaf og borðaði í, komu sér borðstofur, setustofur og svefnherbergi. Þó var algengt á efnaminni heimilum að eitt herbergi þjónaði fleiri en einu hlutverki, t.d svaf fólk inn í eldhúsi eða inn í borðstofu. Timburhúsin voru yfirleitt stærri en torfbæirnir, og voru efnamikil heimili oft ríkulega búin stórum og fallegum húsgögnum og skrautmunum.<sup>18</sup>

Nútímaþægindi eins og rennandi vatn og rafmagn fór að líta dagsins ljós í upphafi 20. aldar. Vatnsveituframkvæmdir hófust víða um land upp úr 1900. Í Reykjavík var vatni fyrst hleypt í gegnum vatnsleiðslu frá Gvendarbrunnum árið 1909. Frárennsli og rennandi vatn auðveldaði við að losa skólp og úrgang út úr húsum, sem leiddi til meira hreinlætis og fækkaði smitleiðum. Það var oft í verkahring vinnukvenna að byrja daginn á að fara í nálæga brunna og fylla á vatnstunnur heimilisins, en með rennandi vatni í húsum sluppu þær við það.<sup>19</sup>

Fyrsta bæjarrafveitan á Íslandi var stofnuð 1909 og víða um land mátti finna litlar einkarafveitur við sveitabæi. Í Reykjavík var rafmagn framleitt með gasi í byrjun og tók Gasstöðin í Reykjavík til starfa 1910. Rafmagnsstöðin í Elliðaárdal tók svo til starfa árið 1921.<sup>20</sup> Á fyrstu áratugum rafmagnsins var það einungis ætlað til lýsingar. Ekki var ætlast til þess að fólk notaði rafmagn til upphitunar á húsum og voru t.d. efasemdir uppi um að hægt

---

<sup>17</sup> Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi“; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 13. Um umframfjölda kvenna í evrópsku samhengi sjá Lynn Abrams, *The making of Modern woman*, bls. 89.

<sup>18</sup>Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls.117- 120; *Hagskinna*, bls. 373; Arndís S. Árnadóttir, *Nútímaheimilið í mótun -Fagurbætur, funksjónalismi og norræn áhrif á íslenska hönnun 1900-1970*. 2011.

<sup>19</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 122.

<sup>20</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls.122- 125; Sumarliði R. Ísleifsson, *Í Straumsamband*, bls. 45-46, 52.

væri að elda með rafmagni.<sup>21</sup> Í spurningaskrá Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns um rafvæðingu kemur víða fram að með gasinu og rafmagninu fylgdu minni þrif, en mikill óþrifnaður var af kolaeldavélum og olíulömpum og var mikið verk að halda heimilum hreinum af þeim sökum.<sup>22</sup>

Rennandi vatn og rafmagn hafa eflaust haft áhrif á vinnuástöðu vinnukvenna, en vert er þó að hafa í huga að einungis þau best settu í samfélaginu höfðu aðgang að ofangreindum þægindum til að byrja með. Efnaminni fjölskyldur bjuggu oft við mjög þröngan kost. Algengt var að heilu fjölskyldurnar byggju í einu herbergi, og deildu þá jafnvel eldunaraðstöðu með öðrum. Óeinangruð þurrkloft eða rakir kjallarar (aðallega í Reykjavík) voru einnig algeng híbýli fólks. Miklir fólksflutningar í þéttbýli í upphafi 20. aldar leiddu til húsnæðisskorts, og var þá brugðið á það ráð að byggja ódýrt bráðabirgðahúsnæði þar sem öll nútíma þægindi skorti. Árið 1928 voru einungis 45% heimila með skólplagnir og klósett, og 11% með bað. Í sveitum landsins voru torfbæirnir enn algengasta húsnæðið framan af á 20. öld, og árið 1906 fundust enn litlir torfbærir í Reykjavík.<sup>23</sup> Vinnukonur sem unnu inni á heimilum efnamanna í þéttbýli komu því að öllum líkindum frá heimilum mjög frábrugðnum þeim sem þær unnu á.

Hlutverk heimilanna breyttist töluvert á fyrstu ártugum 20. aldar frá heimilum bændasamfélagsins. Heimilið fór úr því að vera fyrst og fremst framleiðslueining, í að verða ört vaxandi neyslueining.<sup>24</sup> Með því er m.a. átt við að hvers kyns mat og fatnað sem áður var framleiddur inni á heimilinu þurfti nú að sækja utan heimilisins. Það hefur vissulega létt á störfum heimilisfólks, en þó hélst sá siður lengi að taka slátur o.fl. á haustin, og er það eitthvað sem flestar kvennanna í viðtölunum nefna.<sup>25</sup> Gömul viðhorf og gamlir lifnaðarhættir lifðu góðu lífi í bæjum og kaптúnunum á Íslandi. Var það t.d. algengt að fólk væri með smábúskap, héldi skepnur og væri með matjurtargarð við hús sín langt fram á 20. öld.<sup>26</sup>

---

<sup>21</sup> Sumarliði R. Ísleifsson, *Í Straumsamband*, bls. 143-144.

<sup>22</sup> *Vef. Þjms.* „Rafvæðing I. Þegar rafmagnið kom“.

<sup>23</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with words*, bls. 181-183; Sigurður Gylfi Magnússon, „Hús og híbýli alþýðumanna“, bls. 38-49.

<sup>24</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 16-17; Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880-1914“, bls. 41; Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls.183; Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, bls. 144, 168. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with words*, bls. 177.

<sup>25</sup> *Vef. Þjms.* „Konur í vist“.

<sup>26</sup> Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with words*, bls. 177-178; Sigurður Gylfi Magnússon, „Hugarfarið og samtíminn“, bls 29-39; Eggert Þór Bernharðsson, *Sveitinn í sálinni*. 2014.

## 2.2 Staða kvenna

Réttarstaða kvenna tók miklum breytingum á síðustu áratugum 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. Hæst ber jafnrétti til náms og embættis 1911 og kosningaréttur kvenna til Alþingis árið 1915.<sup>27</sup> En þrátt fyrir breytingar á þjóðfélagslegri stöðu kvenna í upphafi aldarinnar, fór svokölluð húsmæðrahugmyndafræði að ryðja sér til rúms á millistríðsárunum. Sigríður Matthíasdóttir hefur skoðað þá togstreitu sem myndaðist á millistríðsárunum innan kvennahreyfingarinnar um eðli og hlutverk kvenna. Þær konur sem aðhylltust húsmæðrahugmyndafræðina töldu að heimilunum og kvenleikanum stæði hætta af þátttöku kvenna í opinberu lífi. Þær litu svo á að hlutverk kvenna væri fyrst og fremst að vera húsmæður, og lögðu áherslu á að mennta konur til slíkra starfa. Sigrún Pálsdóttir Blöndal var einn ötulasti talsmaður húsmæðrahugmyndafræðinnar á Íslandi.<sup>28</sup> Í grein sinni „Eðli og hlutverk kvenna“ sem birtist í tímaritinu *Hlín* árið 1926 gagnrýnir hún viðhorf til þeirra starfa „sem búa þær [þ.e stúlkur] best undir það starf, sem náttúran ætlast til að þær vinni.“ Ungar stúlkur ættu frekar að ráða sig í vist á heimilum í kaupúnum og sveitum, í stað búðar- eða skrifstofustarfa og undirbúa sig þannig undir framtíðina sem liggja átti fyrir þeim.<sup>29</sup> Í orðum Sigrúnar má sjá að lítið var á störf vinnukvenna sem nokkurs konar þjálfun fyrir húsmæðrahlutverkið, en ekki varanlega stöðu.<sup>30</sup>

Með húshaldshugmyndafræði 19. aldar komu fram ákveðin þrástef í orðræðuna sem varði fram á þá 20., um að konur þyrftu að uppfylla þá þörf að verða mæður og sinna heimili.<sup>31</sup> Á Íslandi og víða í Norður-Evrópu var stór hópur kvenna sem aldrei giftist, m.a. vegna kynjagslagsíðunnar, og var þá viðurkennt að ógiftar konur hefðu sjálfstæða atvinnu. Sigríður K. Þorgrímsdóttir sagnfræðingur hefur rannsakað möguleika ógiftra kvenna í upphafi 20. aldar á Íslandi. Konurnar í rannsókn Sigríðar fóru aðallega í störf sem féllu að ríkjandi hugmyndum um hlutverk og eðli kvenna. Í störfum eins og hjúkrun og kennslu gátu ógiftar konur uppfyllt hlutverk sitt. Sigríður bjóst við að konurnar sem hún væri að rannsaka hefðu verið þessar sjálfstæðu konur sem kusu sjálfstæðið sem fylgdi því að vera ógiftar, en raunin var sú að örlögin höfðu einfaldlega ekki verið þeim hliðholl er hjónabandið varðaði. Þær gengust við ríkjandi

<sup>27</sup> *Ártöl og áfangar*, bls. 148-149.

<sup>28</sup> Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 177–178, 246–250; Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Færar konur“, bls. 62–63.

<sup>29</sup> Sigríður Pálsdóttir Blöndal, „Eðli og hlutverk kvenna“, *Hlín*, bls. 117.

<sup>30</sup> Lynn Abrams fjallar einnig um þessi viðhorf í *The Making of Modern Woman*, bls. 135, 180-181.

<sup>31</sup> Lynn Abrams, *The Making of Modern Woman*, bls. 90-91.

hugmyndum um eðli og hlutverk kvenna og fóru í þau störf sem samræmdust þeim. Í rannsókninni var aðeins ein kona sem virðist hafa hafnað hjónabandinu. Hún hafði þó þá sérstöðu gagnvart hinum konunum að hún var menntuð og hafði gott fjárhagslegt bakland. Hún gat því gert meiri kröfur til hjónabandsins og tryggt sjálfstæði sitt betur en flestar konur.<sup>32</sup>

Möguleikar og tækifæri kvenna til að skapa sér sjálfstæða tilveru voru mun fleiri í þéttbýlisstöðum landsins heldur en í sveitum. Þau háu laun sem í boði voru hafa vafalaust verið góður hvati fyrir stúlkur til að flytja frá dreifbýlissvæðum landsins. Formlegir möguleikar kvenna jukust einnig til muna í upphafi 20. aldar, bæði til menntunar og embætta. Það átti þó að öllum líkindum fyrst og fremst við um konur sem höfðu gott efnahagslegt bakland, og höfðu burði til að tryggja sér menntun og stöðu í opinberu lífi. Fyrir efnaminni stúlkur voru fá önnur störf í boði en erfiðisvinna á borð við fiskvinnu og heimilisstörf. Bakslagið sem varð í kvenréttindabaráttunni ýtti undir þá hugmynd að konur ættu að halda sig inni á sínu sviði. Efnaminni stúlkum hefur því eflaust fundist staða sín bætast til muna við að giftast og fá að stjórna sínu eigin heimili, og jafnvel hafa stúlku í vinnu, heldur en að slíta sér út í þágu annarra.

### 3. Vinnukonur inni á heimilum

Um aldamótin 1900 voru um 50% vinnandi kvenna í iðnvæddum borgum Evrópu í þjónustustörfum inn á heimilum. Flestar komu úr dreifbýli og litu eflaust á vinnuna sem tækifæri til að víkka út sjóndeildarhringinn og upplifa eitthvað nýtt. Með því að ráða sig inn á heimili tryggðu þær sér búsetuöryggi, en fæði og húsnæði var yfirleitt innifalið í launum.<sup>33</sup> Á Íslandi var vinnukonustéttin fjölmennasta stétt launavinnandi kvenna á fyrstu ártugum 20. aldar. Árið 1910 voru vinnukonur 5.543 og árið 1920 voru þær 5.842. Upp úr seinni heimsstyrjöldinni leið stéttin að mestu undir lok. Næst fjölmennasta stétt vinnandi kvenna var í fiskiðnaði.<sup>34</sup> Erfitt getur þó verið að meta fjölda vinnandi kvenna því giftar konur eru yfirleitt skráðar á framfæri eiginmans síns í manntölum, þó að algengt væri að giftar konur ynnu utan heimilisins eða tóku að sér vinnu heima, t.d. saumaskap. Vinnukonustörfin voru oft fyrsta launaða vinna ungra stúlkna, og var litið svo á að vinnukonustörfin væru millibilsástand, frá

---

<sup>32</sup> Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „Mitt hjarta svarar ekki ...“, bls. 460-465; Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „Hinn þröngi hringur“, 54-63.

<sup>33</sup> Debora Simonton, „Woman workers; working women“, bls. 149-150; Lynn Abrams, *The Making of Modern Woman*, bls. 179-180; Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words*, bls. 188.

<sup>34</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“, bls. 161; *Hagskinna*, bls. 219-220 .

því þær fóru af heimili foreldra sinna og þar til þær giftust.<sup>35</sup> Vinnan var erfið og vinnudagurinn langur en á sama tíma var litið á það sem tækifæri fyrir stúlkur að undirbúa sig fyrir framtíðina og læra heimilisstörf.<sup>36</sup> Á tímabilinu færðist það í vöxt að stúlkur réðu sig í hálf dags vist og unnu þær þá oftast til kl. 2 eða 3 og gátu ráðstafað tíma sínum eftir það að vild.<sup>37</sup> Af viðtölunum má sjá að stúlkur nýttu frítíma sinn þá í einhverskonar menntun, fóru á námskeið og lærðu t.d. handavinnu og fatasaum. Sigrún Guðbjörnsdóttir kom til Reykjavíkur árið 1918 til að læra að sauma og réði sig í hálf dagsvist hjá hjónunum Guðrínu Guðlaugsdóttur og Daníeli Halldórssyni skrifstofumanni, sem bjuggu að Grjótargötu 14. Sigrún vann til kl. 2 á daginn, en þau hjónin voru barnlaus og bjuggu bara tvö, svo það dugði þeim að hafa stúlku í hálf dagsvist. Á kvöldin sótti Sigrún saumanámskeið.<sup>38</sup>

Með afnámi vistarbandsins árið 1893 var fólk ekki lengur skyldugt til að ráða sig í ársvist. Algengt var þá að stúlkur réðu sig í vist yfir veturinn og fóru í kaupavinnu eða síld á sumrin. Þannig gátu þær þénað meira yfir árið, auk þess sem tilbreytingin sem í því fólst að skipta um umhverfi hefur eflaust verið kærkomin.<sup>39</sup> Vinnukonuskortur varð í bæjunum á vorin, þegar vinnukonur flyktust í kaupavinnu og fylltust blöðin af auglýsingum eftir stúlkum í vist frá 14. maí og var góðum launum jafnvel heitið.<sup>40</sup> Björg Einarsdóttir var fengin til að vinna á heimili Geirs Zoëga og Bryndísar Sigurðardóttir sumarið 1921 og buðu þau henni 50 kr. fyrir. Hún kom til Reykjavíkur til að komast í nudd af heilsufarsástæðum, en sjálf var hún af efnuðu fólki. Hjónin voru örvæntingarfull en vinnukonan þeirra, Málfríður (sem er að öllum líkindum Málfríður Oddsdóttir sem einnig má finna í viðtölunum), hafði farið í kaupavinnu og þau vantaði vinnustúlku. Þau réðu Björgu þó hún kynni ekkert fyrir sér í heimilisverkum og eldamennsku.<sup>41</sup> Þetta er athyglisvert því Málfríður hélt því fram að hún hafði aldrei fengið meira en 25 kr. fyrir veturinn.<sup>42</sup> Fjölskyldan hefur því verið tilbúin til að borga góð laun til þess

---

<sup>35</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 15; Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“, bls. 161-162; Símon Jón Jóhannsson og Ragnhildur Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur*, bls. 108; Lynn Abrams, *The Making of Modern Woman*, bls. 177-178, 180.

<sup>36</sup> Lynn Abrams, *The Making of Modern Woman*, bls. 135-136, 181.

<sup>37</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“ bls. 161.

<sup>38</sup> *Vef. Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5847.

<sup>39</sup> Símon Jón Jóhannsson og Ragnhildur Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur*, bls. 107.

<sup>40</sup> *Vísir* 21. mars 1920; bls. 4; *Vísir*, 14. apríl 1920, bls. 4; *Vísir*, 14. maí 1921, bls. 4.

<sup>41</sup> *Vef. Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5848.


<sup>42</sup> *Vef. Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 7197.

að fá stúlku yfir sumarið. Þó verður að hafa í huga að Málfríður var orðin mjög gleymin þegar viðtalið var tekið við hana.

Vinnukonur voru nefndar ýmsum nöfnum eftir störfunum sem þær sinntu. Í þéttbýli voru þetta aðallega innistörf og voru starfsheitin m.a innistúlka, stofustúlka, þjónustustúlka, léttastúlka, matreiðslukona, eldabuska og þvottakona svo eitthvað sé nefnt. Þær stúlkur sem gengu í öll störf höfðu yfirleitt starfsheitið vinnukona en hin starfsheitin vísa í þau störf sem þær unnu. Á efnameiri heimilum var algengt að hafa 2-3 vinnukonur. Ef það voru t.d tvær vinnukonur var algengt að þær skiptu um hlutverk viku- eða hálfsmánaðarlega. Þannig skiptust þær á að vera eldabuska og stofustúlka, sem var sanngjörn skipting enda störfin miserfið.<sup>43</sup> Í viðtölunum er talað um vinnukonu, innistúlku, stofustúlku, eldhússtúlku, barnapíu, fjósastúlku og ráðskonu.

#### 4. Viðtölin

Viðtölin (spurningaskrárnar) sem hér eru notuð eru 27 og voru konurnar fæddar á árunum 1890–1912. Þær komu víðsvegar af landinu eins og sjá má í töflu 1. Flestar komu þær af Suðurlandi en engin af Norðurlandi eystra. Þetta kemur heim og saman við rannsóknir Sigríðar Th. Erlendsdóttur á vinnukonum í Reykjavík, langfæstar voru fæddar í Þingeyjarsýslunum en flestar voru úr Gullbringu- og Kjósarsýslu.<sup>44</sup>




Tafla 1 sýnir hvaðan af landinu konurnar komu. Heimild: Vef. Þjms. „Konur í vist“, spurningaskrá 55a.

Konurnar voru í vist á árunum 1909–1937. Algengasti aldurinn er 16 ára og 19 ára þegar þær byrjuðu í vist. Sú yngsta er 12 ára en sú elsta er 21 árs. Erfitt er að meta hversu lengi hver og

<sup>43</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“, bls. 161; Símon Jón Jóhannson og Ragnhildur Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur*, bls. 115; Vef. Þjms. „Konur í vist“, viðtal við Jónínu Sigurðardóttir.


<sup>44</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“; Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Í vist“, bls. 164.

ein var í vist þar sem þær upplýsingar koma ekki alltaf fram í viðtölunum. Oftast tala þær um eina eða tvær tiltekna vistir þó það komi fram að þær hafi verið í fleiri vistum. Þær virðast hafa verið í vist á ýmiss konar heimilum, bæði þar sem efnin voru mikil en einnig hjá alþýðufólki. Mest fer þó fyrir frásögnum af efnamiklum heimilum enda líklega mjög frábrugðin þeim sem þær komu frá og þekktu.



Tafla 2 sýnir aldursdreifingu kvennanna þegar þær byrjuðu í vist. Eins og sjá má var algengasti aldurinn 16 ára og 19 ára. Heimild: *Vef. Þjms.* „Konur í vist“, spurningaskrá 55a.

Flestar voru í vist í Reykjavík, eða 11, sem voru einungis í vist í Reykjavík, fimm komu seinna til Reykjavíkur eftir að hafa verið annars staðar og tvær sem byrjuðu í vist í Reykjavík, en fóru svo annað. Af 27 konum voru 18 þeirra á einhverjum tímapunkti í vist í Reykjavík. Aðrir þéttbýlisstaðir sem eru nefndir eru Seltjarnarnes, Akranes, Borgarnes, Hellissandur, Bíldudalur, Patreksfjörður, Þingeyri, Ísafjörður, Hnífsdalur, Blönduós, Akureyri, Eskifjörður, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Vestmannaeyjar og Vík.



Tafla 3 sýnir hversu margar kvennanna voru í vist í Reykjavík og hve margar voru í vist í öðru þéttbýli en Reykjavík. Eins og sjá má var langstærsti hluti kvennanna á einhverjum tímapunkti í vist í Reykjavík. Einungis 8 af 27 voru ekki í Reykjavík. Heimild: *Vef. Þjms.* „Konur í vist“, spurningaskrá 55a.

Konurnar fengu yfirleitt vistina í gegnum kunningsskap eða skyldleika, eða alls 19. Nokkrar sögðust þó einstaka sinnum hafa farið eftir auglýsingu. Einungis tvær segjast eingöngu hafa fengið vistir gegnum auglýsingu en fimm konur taka ekki fram hvernig þær fengu vinnuna..

#### 4.1 Aðstæður

Aðstæður í vistinni voru misjafnar, og fóru þær eftir efnahag húsbændanna og hvar heimilið var staðsett. Í Reykjavík, Akureyri og fleiri stærri þéttbýlisstöðum var yfirleitt komið rennandi vatn inn í húsin og var rafmagns- eða gaslýsing orðin algeng á þeim heimilum sem konurnar unnu á. Ýmist voru kola- eða gaseldavélar, en húsin voru yfirleitt hituð upp með kolum. Stúlkurnar deildu oft herbergi með börnunum, öðrum vinnukonum, eða sváfu í borðstofunni. Þó var ekki óalgengt að þær fengu sérherbergi eða litla skonsu og í einstaka tilvikum voru herbergin óupphituð.

Soffía Sigurðardóttir var t.d. í óupphituðu herbergi þegar hún var í vist í Litla-Gíslholti á Vesturgötu í Reykjavík í kringum 1919. Þar varð svo kalt að vaskastellið sprakk.<sup>45</sup> Málfríður Oddsdóttir var í vist hjá Geir Zoëga í kringum 1920 og var hún einnig í óupphituðu herbergi uppi á lofti. Á kvöldin þegar hún var búin með verk sín var ætlast til þess að hún væri inni hjá sér en eitt sinn þegar það var kuldakast var henni boðið að búa um sig í stofunni. Þegar þangað var komið þurfti alltaf að vera að senda hana til að sinna erindum, og gafst hún upp á því að vera í stofunni eftir 3 daga. Það þurfti ekkert að senda hana ef hún kæmi ekki niður. Hennar upplifun var sú að það færi í taugarnar á „fina skólafólkinu“ að hún væri að hanga yfir þeim.<sup>46</sup>

Flestar stúlkanna unnu á fínni heimilum þar sem mikil regla ríkti og mikill þrífnaður. Á heimilunum gat verið mannmargt, fjölskyldur voru oft barnmargar en að auki bjuggu oft aldraðir foreldrar, annað vinnufólk og á sumum heimilum voru leigjendur. Allt var með föstum skorðum og gengu þær að verkum sínum eins og þau komu fyrir. Oft voru sérstakir þvottadagar, og var öðrum verkum einnig skipt niður eftir dögum.

Yfirleitt borðuðu vinnukonur inn í eldhúsinu en þó var ekki óalgengt að vinnustúlkurnar borðuðu með fjölskyldunum.<sup>47</sup> Einnig kom fyrir að vinnukonurnar kusu frekar að borða inni í eldhúsi þó þeim væri boðið að borða með fjölskyldunni. Stundum var það vegna þess að þeim

---

<sup>45</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5836.

<sup>46</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 7197.

<sup>47</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5843 og 5860.



fannst þær ekki hafa tíma til að setjast niður þar sem þær þurftu að sinna öðru, eins og að bæta á matinn, og stundum fannst þeim fólkið frekar heimta þjónustu ef þær borðuðu með fjölskyldunni og þær fengu því meiri frið inn í eldhúsi.<sup>48</sup> Á efnalitlum heimilunum borðaði fjölskyldan og vinnustúlkurnar saman inn í eldhúsinu þar sem ekki voru alltaf sér borðstofur.<sup>49</sup>

Vinnustúlkur þjónuðu yfirleitt til borðs í veislum og matarboðum. Stundum þjónuðu þær með húsmæðrunum<sup>50</sup> og á sumum heimilum var fengin stúlka til að koma og aðstoða. Þá voru þær yfirleitt með hvíta svuntu með blúndum.<sup>51</sup> Hversdags voru þær í léreftskjólum eða „morgunkjólum“ með svuntur sem þær þurftu ýmist að skaffa sjálfar eða fengu frá húsmæðrum sínum.

Þéringar tíðkuðust á flestum heimilum en það var ekki algilt. Á sumum heimilum þéruðu vinnukonurnar einungis húsbændurna en þúuðu frúrnar.<sup>52</sup> Stundum var þérast í upphafi en þegar leið á þúuðust allir.<sup>53</sup> Ólafía Eyjólfsdóttir og Bjarnína Sigríður Jónsdóttir sögðust aldrei hafa þérad húsbændur sína.<sup>54</sup>

Maturinn á heimilunum var yfirleitt hefðbundinn íslenskur matur. Konurnar segja að á þeim heimilum sem þær unnu á hafi yfirleitt verið nógur matur og góður. Sumar tala þó um nískar húsmæður sem skömmtuðu naumt.<sup>55</sup> Á sumum heimilum kynntust þær öðruvísi mat en þær voru vanar. „Þar var svo margt sem fátækir kunna ekki að nefna“, sagði Sigríður Ólafsdóttir, sem var hjá kaupmanshjónum á Hellissandi árin 1920–1922. Þar kynntist hún m.a. þurrkuðum og niðursoðnum ávöxtum.<sup>56</sup> Á flestum heimilum var tekið slátur og búnar til kæfur og rúllupylsur.

## 4.2 Vinnuskyldur

Dæmigerður vinnudagur hjá konunum gat verið svona: Farið á fætur um 7, eldavélin hreinsuð og kveikt upp í. Vatn soðið í kaffi og gerður hafragrautur, á þvottadögum var vatn soðið fyrir þvottana. Ofnarnir hreinsaðir, askan borin út, lagt í þá og kveikt upp í. Misjafnt var eftir

---

<sup>48</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 7314 og 5852.

<sup>49</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5843.

<sup>50</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, sjá t.d svar nr. 5864.

<sup>51</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5837.

<sup>52</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5847 og 5855.

<sup>53</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5856.

<sup>54</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 7314 og 7312.

<sup>55</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5836 og 5846.

<sup>56</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5856.

heimilum hversu margir ofnar voru í húsinu, og fór það því eftir heimilum hversu langan tíma þetta tók. Ef börn á skólaaldri voru á heimilinu voru þau vakin og komið af stað í skólann. Á sumum heimilum fékk heimilisfólkið morgunmat í rúmið. Gengið frá eftir morgunmatinn og vaskað upp. Eftir það hófst tiltekt. Gólf voru skúruð, þurrkað af, búið um rúmin og hellt úr koppum. Gólf voru þvegin daglega og bónuð reglulega, einnig þurfti að þrífa þrönga og bratta stiga. Sumar stúlkurnar þurftu að fara í búðir og kaupa í matinn en algengara var að húsmæðurnar sæju alfarið um það. Þegar leið á hádegi var farið að huga að hádegismat. Á sumum heimilum sá húsmóðirin um alla eldamennsku, en oft veittu þær tilsögn eða létu vinnustúlkurnar alveg sjá um það. Það þurfti að leggja á borð, og á fínun heimilum voru borð yfirleitt dúkuð hversdags og lagðar servíettur við hvern disk. Eftir hádegismat var gengið frá og vaskað upp. Einnig þurftu þær að bera kol upp bratta stiga, en kolageymslur voru oft staðsettar í kjallara. Á sumum heimilum var mikið um fægingar. Yfirleitt var fægt einu sinni í viku, t.d. á föstudögum. Ýmsa silfurmunni og lampa þurfti að pússa og fægja, skinnur í stigum þurfti að gljápússa, sem og látúnshúna, þröskulda og ofna. Á þeim heimilum sem ekki var rafmagnslýsing var eitt af verkum vinnukvenna að setja olíu í lampa, pússa glerið, fægja, setja kveik í og jafna hann. Mikið kolaryk hlaust af því að kol voru notuð til upphitunar og var það því mikið verk að halda heimilunum hreinum.<sup>57</sup> Gera má ráð fyrir því að þær hafi unnið mikið á hnjánunum við að skúra gólfina, bóna og burstu bletti úr teppum o.fl.

Í Reykjavík og öðrum stærri þéttbýlisstöðum voru flest heimili sem vinnustúlkurnar unnu á með rennandi vatni, og voru flest húsin með þvottaaðstöðu í eða við húsin. Einungis tvær konur segja frá því að þær hafi farið í þvottalaugarnar í Laugardal. Annars vegar var það Friðrikka M. Jónsdóttir þegar hún var í vist í Undralandi í Laugardal<sup>58</sup> og hins vegar Soffía sem var í vist í Litla-Gíslholti í Reykjavík veturinn 1909–1910. Á heimilinu var rennandi vatn en Soffía minnst ekki á þvottaaðstöðu á heimilinu. Hún var einu sinni send í þvottalaugarnar en þá var húsbóndinn nýkomin heim af sjó. Hún var ein á föstudaginn langa með fullan barnavagn af slorugum sjófatnaði. Hún hafði aldrei komið í þvottalaugarnar áður og kunni ekki til verka, en aðrar konur sem voru þar hjálpuðu henni. Þarna var hún langt fram á kvöld með mjög lítið nesti. Henni sárnaði þessi framkoma við sig og það á helgidegi.<sup>59</sup>

---

<sup>57</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5835 og 5862.

<sup>58</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5852.

<sup>59</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5836.

Þvottadagar voru einu sinni í viku á stórum heimilum, en á minni heimilum var þvegið aðra hverja viku eða einu sinni í mánuði. Sokkar og nærfatnaður var þó oft þveginn vikulega. Á sumum heimilum aðstoðaði húsmóðirin eða aðrar vinnukonur við þvottana, en á efnamestu heimilunum var sér þvottakona eða þvotturinn sendur í þvottahús. Á heimili Thors Jensen, þar sem Þórunn Úlfarsdóttir var í vist veturinn 1922, sá eldri kona um alla þvotta en vinnustúlkurnar sáu um allan frágang.<sup>60</sup> Einnig var þvottakona á heimili Elínar Stephensen og Júlíusar Guðmundssonar stórkaupmanni í Landshöfðingahúsinu í Reykjavík, en þar var Ingibjörg Thorarensen í vist frá 1920–1923.<sup>61</sup>

Á þvottadögum byrjaði dagurinn fyrr en aðra daga, eða í kringum 4 eða 5 leytið. Þvegið var á þvottabrettum og blettir burstaðir. Svo var skolað úr og hengt upp, ýmist uppi á þurrklofti eða úti. Þvottahúsin voru yfirleitt staðsett í kjallara eða í skúr við húsið, og er hægt að ímynda sér hve erfitt það hafi verið að bera þungan og blautan þvottinn úr kjallaranum upp á þurrkloft. Sæbjörg Sigurðardóttir man eftir að hafa „titrað eins og skepna“ við það.<sup>62</sup> Mikilvægt var að hengja upp þvottinn þannig að hann væri sem fallegastur. Það átti sérstaklega við um þegar þvotturinn var hengdur úti, því snúrur voru bornar saman.<sup>63</sup> Á þeim heimilum þar sem ekki var rennandi vatn, eins og var víða t.d. í minni þéttbýlisstöðum en einnig á mörgum heimilum þeirra efnaminni í Reykjavík og nágrenni, þurfti að sækja vatnið í brunn og skola þvottinn í læk ef hann var nálægur. Frágangurinn á þvottinum var tímafrekur því hann þurfti að strauja, en stærri stykki voru rúlluð í taurullu. Það þurfti að vanda verkið við að brjóta saman svo brotin væru rétt. Skyrtukraga, fína dúka og annað þurfti að stífa. Algengt var að húsmæðurnar sæju um það, eða að það væri sent í þvottahús.<sup>64</sup>

Á flestum heimilum var mikið að gera fyrir jólin, en þá var þrifið meira en venjulega auk mikils baksturs. Það var algengt að húsmæðurnar sæju sjálfar um baksturinn eða höfðu yfirumsjón með honum. Algengt var að þær vigtuðu hráefnin en vinnukonurnar blönduðu deigið og settu í ofninn. Á vorin var allt tekið í gegn. Þá var farið inn í alla skápa, öll föt og rúmföt viðruð og teppi borin út og bönguð. Allt var skrúbbað, skúrað, bónað, gljápússað og fægt. Húsmæðurnar hjálpuðu yfirleitt til, en á sumum heimilum var ráðið auka vinnuafli til að

---

<sup>60</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5851.

<sup>61</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5846.

<sup>62</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5837.

<sup>63</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5855 og 5852.

<sup>64</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, sjá t.d. svar nr. 5847.

aðstoða við slíkar stórhreingerningar. Einstaka vinnustúlkur sluppu alfarið við þær þar sem það var fengið sér fólk til að sinna því.<sup>65</sup>

#### 4.4 Vinnukonur í minni þéttbýlisstöðum

Þó að búskapur hafi verið í Reykjavík langt fram á 20. öld kemur ekki fram að slíkt hafi tíðkast á þeim heimilum sem konurnar unnu á.<sup>66</sup> Á minni þéttbýlisstöðum var algengara að vinnukonur þyrftu að aðstoða við búskap. Var það oft í verkahring þeirra að sinna skepnum og mjólka kýr. Þá byrjaði vinnudagurinn oft fyrr, þar sem þær byrjuðu daginn á að fara í fjósið.<sup>67</sup> Sesselja Sveinsdóttir var í vist hjá Ólafi Jóhannessyni, kaup- og útgerðarmanni, og eiginkonu hans, Áróru Gunnarsdóttir Bachman, á Patreksfirði 1910–1914. Þar var hún bæði stofustúlka og fjósastúlka. Á heimilinu voru vinnukonurnar þrjár, en Sesselja var sú eina sem kunni að mjólka og var sett í það verk. Auk þess að fara í fjósið voru störf hennar að ganga beina, þrifa, tiltekt og þvottar, en hinar stúlkurnar voru í eldhúsvorkunum ásamt tiltekt og þvottum og fengu þær allar sömu árslaunin.<sup>68</sup> Í Vestmannaeyjum þar sem Sigurlaug Þórólfsdóttir var í vist í Gerði sinnti hún kúnum ásamt hefðbundnum heimilisstörfum. Daglega gekk hún vestur í bæ með mjólkurbrúsa, en eitt heimili keypti mjólk frá Gerði. Á heimilinu verkuðu konurnar sundmaga og sinntu ullarvinnu.<sup>69</sup>

Á mörgum stöðum úti á landi var ekki alltaf rennandi vatn inn í hús. Í Vestmannaeyjum var vatni safnað saman af rennunum af húsunum í brunn og þurfti að fara sparlega með það. Þær konur sem voru vinnukonur á Akranesi, Eskifirði, Borgarnesi og víðar tala um að þær hafi þurft að sækja vatn í brunna, en á sumum heimilum var karlmaður settur í verkið.<sup>70</sup> Á heimilum þar sem ekki var frárennsli frá húsinu var það einnig verk vinnukvenna að losa skólp. Hjá sýslumanshjónum í Vík þar sem Þorgerður Jóhannsdóttir var í vist 1916–1918 var t.d vatnsleiðsla en ekki frárennsli og þurfti hún að bera skólp langa leið.<sup>71</sup>

Einnig kom það fyrir að vinnukonur væru sendar í fiskvinnu. Stefanía Benediktsdóttir var í vist fyrir austan, bæði á Eskifirði og Seyðisfirði. Að hennar sögn var algengt að vinnukonur þar væru sendar í að beita eða aðra fiskvinnu, þó hún hafi lítið lent í því. Einnig

---

<sup>65</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5846 og 5847.

<sup>66</sup> Eggert Þór Bernharðsson, *Sveitin í sálinni- búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. 2014.

<sup>67</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, sjá t.d svar nr. 5856.

<sup>68</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5833.

<sup>69</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5838.

<sup>70</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, sjá t.d svör nr. 7312, 5843, 5850 og 5835.

<sup>71</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5862. Sjá einnig svar nr. 5856.

féll það oft í þeirra hlut að þjónusta sjómenn, þ.e.a.s. að gera við fatnað og þvo af þeim.<sup>72</sup> Ólafía Ásbjarnardóttir sinnti mörgum öðrum verkum fyrir utan heimilisstörfin þegar hún var í vist á Bíldudal. Hún vaskaði fisk, breiddi út saltfisk, fór í kola- og saltburð og annaðist m.a. taugaveikissjúkling. Ólafía var einungis 12 ára þegar þetta var og var þetta mikil vinna fyrir stúlku á barnsaldri.<sup>73</sup> Í sumum tilvikum hirtu húsbændur launin fyrir aukavinnuna sem þær voru sendar í. Soffía Sigurðardóttir var í vist hjá hjónum í Iðnó í Reykjavík, en þau sáu um sjómannaskólann og leikhúsið. Það var í verkahring Soffíu að þrifa leikhúsið og kveikja upp í öllum stofunum í sjómannaskólanum. Hún fékk einungis 20 kr. fyrir veturinn með alla þessa aukavinnu og fannst henni húsbóndi sinn heldur betur hafa haft af sér launin.<sup>74</sup>

Í litlum þéttbýlisstöðum voru verslanir ekki eins margar og í Reykjavík. Í viðtölunum kemur m.a. fram að á Akranesi, Borgarnesi og Eskifirði voru engin bakarí og þurfti því að baka öll brauð heima.<sup>75</sup> Þegar Stefanía Benediktsdóttir var í vist hjá útgerðarmanni á Eskifirði í kringum 1916 bjó heimilisfólkið sig undir veturinn eins og tíðkaðist í „gamladaga“. Þar var fengin kona til að aðstoða sérstaklega við það og voru ber og rabarbari soðin í saft, sultur og grauta, lappir og svið voru sviðin, fiskur verkaður í salt, nautakjöt fryst í íshúsinu sem útgerðarmaðurinn átti og um 100 slátur var tekið og sett í tunnur, en útgerðamaðurinn seldi úr tunnunum til erlendra sjómanna þegar líða tók á veturinn.<sup>76</sup>

#### 4.5 Kaup og kjör

Samkvæmt Guðmundi Jónssyni var árskaup vinnukvenna árið 1910 100 kr. en vinnumanna 200 kr.,<sup>77</sup> sem sýnir glögg að konur fengu hálf laun á við karla. Launin voru yfirleitt borguð mánaðarlega en 18 konur tala um mánaðarkaup. Þær sem voru í vist á árunum 1909–1915 tala um að mánaðarlaunin hafi verið 4-10 kr. Þær sem fengu borgað eftir veturinn fengu u.þ.b. 25 krónur fyrir veturinn eða u.þ.b. 2.7 kr. á mánuði ef vistartímabilið var frá september fram í maí. Tvær konur tala um árskaup og fengu þá báðar 60 kr. fyrir árið eða 5 kr. á mánuði. Báðar segja að þetta hafi þótt gott árskaup.<sup>78</sup> Öll laun Ólafíu Ásbjarnardóttir runnu til heimilisins þegar hún var á Bíldudal. Hennar eiginlegu laun voru því fæði og húsnæði, en einnig fékk hún skó. Þær

<sup>72</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5835.

<sup>73</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5843.

<sup>74</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5836.

<sup>75</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5850, 7312 og 5835.

<sup>76</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5835.

<sup>77</sup> *Hagskinna*, bls. 607.

<sup>78</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5833 og 5835.

konur sem voru í vist á árunum 1916–1922 fengu á bilinu 10–50 kr. á mánuði. Vilborg Þjóðbjarnardóttir fékk borgað eftir veturinn, en hún var í 2 ár í vist á Akranesi 1921–1923. Fékk hún þá 15 kr. Fyrir fyrri veturinn en 25 kr. fyrir þann seinni. Sú hæst launaðasta á því tímabili var Guðbjörg Eyvindsdóttir. Hún var í vist hjá Páli Smith og Oktavíu Grönvald Smith í Reykjavík frá 1919–1925. Hún fékk aukagreiðslur fyrir veislur og stórhreingerningar. Á árunum 1923–1935 voru mánaðarlaunin komin upp í 25–50 kr. á mánuði. Fyrir hálf dagsvist voru launin 25–30 kr. á mánuði þó stundum unnu þær einungis fyrir fæði og húsnæði.<sup>79</sup>

Laun voru stundum bætt upp með fatnaði<sup>80</sup> auk þess sem jólagjafir tíðkuðust. Þær voru þá oft í formi fatnaðar eða skóa.<sup>81</sup> Fyrir sumarið voru launin yfirleitt 50 kr. Árið 1918 réðst Ólafía Ásbjarnardóttir í vist fyrir sunnan hjá skipstjóra og frú á Óðinsgötunni. Hún var hjá þeim eitt sumarið þegar frúin átti von á barni en hún fór annars yfirleitt í kaupavinnu á sumrin. Ólafía fékk 50 kr. að launum auk viku dvalar á hótelinu á Þingvöllum.<sup>82</sup> Launin dugðu fyrir litlu öðru en nauðsynlegum fatnaði<sup>83</sup> og samkvæmt Sigrúnu Guðbjörnsdóttir dugðu launin hennar fyrir hálf dagsvistina ekki einu sinni fyrir skóm. Hún fékk 15 kr. í laun en skór kostuðu 20 kr. árið 1918.<sup>84</sup>

Starfsreynsla virðist ekki hafa verið metin til hærri launa þó að sumar hafi hækkað í launum eftir fyrsta veturinn inni á heimili. Skriflegir samningar tíðkuðust ekki, en þó var það óskrifuð regla að þær mættu ganga úr vistinni ef þær væru óánægðar. Friðrikka Jónsdóttir sagði t.d. upp á miðjum vetri eitt sinn vegna vinnuálags, en þá þurfti hún að sinna ungabarni allar nætur ofan á allt annað. Meðmælabréf voru ekki algeng, en þó fékk Friðrikka hin fegurstu meðmæli frá einni húsmóðurinni þegar hún sótti um vinnu á Landspítalanum.<sup>85</sup>

Samstaða vinnukvenna var lítil. Vinnukonur inni á heimilum voru mjög einangraður hópur og reyndist erfitt fyrir þær að bindast félagsböndum. Vinnutíminn var að öllu jafnaði langur og nán tengsl við atvinnurekendur eru helstu orsakir fyrir því að erfitt var fyrir þær að ganga í félög sem ynnu að því að bæta kjör þeirra.<sup>86</sup> Ólafía Eyjólfsdóttir sagðist aldrei hafa haft

---

<sup>79</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5851 og 5862.

<sup>80</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5864, 5856 og 5842.

<sup>81</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5847, 5853 og 5863.

<sup>82</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5843.

<sup>83</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5837, 5846 og 5862.

<sup>84</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5847.

<sup>85</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5837, 5852 og 7197.

<sup>86</sup> Símon Jón Jóhannsdóttir og Ragnheiður Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur*, bls. 207.

tíma til þess að „þvælast út um hvippinn og hvappinn til að fara í félög“ og sagði að það væri sjaldgæft að vinnukonur stæðu á rétti sínum ef illa var farið með þær eða að þær segðu upp.<sup>87</sup> Þá má spyrja sig hvort þeim hafi fundist taka því að bæta hag starfstéttarinnar ef starfið átti bara að vera tímabundið.

#### 4.6 Frítími og einkalíf

Frítími var ekki mikill hjá vinnukonunum. Vinnukonufrí voru yfirleitt eftir hádegi á fimmtudögum og annan hvern sunnudag. Stundum vildu þær ekki láta á því bera að þær væru vinnukonur og fengu þá frí á t.d. miðvikudagseftirmiðdögum í staðinn.<sup>88</sup> Einnig fengu þær frí á kvöldin ef þær höfðu lokið verkum sínum en stundum vildi það bregðast, t.d. ef húsbændurnir brugðu sér út á kvöldin og voru þær þá heima að sinna börnum. Annars nýttu þær kvöldin til að sinna eigin fatnaði, sinntu handavinnu, fengu til sín gesti eða fóru í heimsókn. Oft kom þó fyrir að vinnudeginum lauk ekki fyrr en þær lögðust á koddann. Frídagarnir fóru yfirleitt í það að heimsækja vini og ættingja, ganga rúntinn, fara í messu, tónleika, í kvikmyndahús og á böll. Sumar stúlkur komu oft beint af böllunum að þvottbölunum á morgnanna án hvíldar.<sup>89</sup> Í sumum tilfellum biðu þeirra einhver verk þegar þær komu heim á kvöldin. Guðmundu Þórdísi Ólafsdóttir sárnaði það t.d. mjög að uppvaskið beið hennar alltaf þegar hún kom heim þegar hún var hjá Storr-hjónunum í Reykjavík í kringum 1930.<sup>90</sup>

Á sumum heimilum var fátt um frí og átti það sérstaklega við úti á landi. Oft myndaðist þó frítími yfir daginn og máttu þær þá gera það sem þær vildu. Vilborg Þjóðbjarnardóttir fékk t.d. engin sérstök frí þegar hún var í vist á Akranesi en mátti alltaf skreppa í heimsóknir ef engin verk lágu fyrir.<sup>91</sup>

Sumar húsmæður skiptu sér af einkalífi vinnustúlkanna og litu á það sem sitt hlutverk að passa upp á þær. Björgu Einarsdóttir var t.d. bannað að taka á móti karlmonnum þegar hún var barnfóstra hjá Fenger-hjónunum í Þórshamri í Reykjavík 1921. Tvisvar komu karlmenn í heimsókn og lenti hún í vandræðum af þeim sökum. Í fyrra skiptið var það bróðir hennar en í það seinna var það maður að austan sem kom til að vita hvernig hún hefði það.<sup>92</sup> Ein húsmóðir Jónínu Sigurðardóttur fylgdist spennt með karlamálum og hvatti hana eindregið til að fara með

---

<sup>87</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 7314.

<sup>88</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5860.

<sup>89</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5863 og 5833.

<sup>90</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5861, 5843, 5864, 5863 og 5860.

<sup>91</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5850, 5843 og 5838.

<sup>92</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5848.

manni á ball sem hafði boðið henni því henni þótti hann svo fallegur, en Jónína hafði engan áhuga á honum.<sup>93</sup>

Sigríður Hjördís Jörundsdóttir sagnfræðingur skrifaði um stöðu vinnukvenna í sveitum í greininni „Fáar voru frelsisstundirnar“. Í greininni nefnir hún að vinnukonur urðu stundum barnshafandi af völdum húsbænda sinna. Sigríður bendir þó á að algengt var að vinnukonur og ógiftir húsbændur gengu í hjónaband eftir að hafa eignast barn saman og því ómögulegt að vita hvers eðlis samband þeirra var fyrir.

Vinnukonur voru oft í viðkvæmri stöðu gagnvart húsbændum sínum. Erfitt getur verið að meta hversu algengt var að húsbændur hegðuðu sér ósæmilega gagnvart vinnukonum, enda um að ræða mjög viðkvæm mál. Réttarstaða þeirra gagnvart húsbændum var slök. Yfirleitt var uppsagnarfresturinn enginn og gat þeim verið sagt upp vistinni með engum fyrirvara og jafnvel af litlu tilefni. Konur sem urðu barnshafandi á meðan þær voru í vist áttu t.d. hættu á því að vera reknar.<sup>94</sup> Engin kvennanna í viðtölunum nefna að þær hafi orðið barnshafandi á meðan þær voru í vist. Stúlka sem vann með Sigurlaugu Þórólfsdóttur í Gerði í Vestmannaeyjum varð ólétt eftir annan sjómanninn sem bjó á heimilinu, en samkvæmt Sigurlaugu kippti sér engin upp við það.<sup>95</sup> Það hefur eflaust legið fyrir að þau myndu giftast og því ekki verið sett út á hana. Bjarnína Sigríður vissi ekki til þess að það væri algengt að konum væri sagt upp ef þær yrðu barnshafandi en sagði að þær fóru oft sjálfviljugar þegar þær hættu að geta sinnt vinnunni.<sup>96</sup>

Í viðtölunum kemur ekki fram hvort húsbændur eða aðrir hafi beitt vinnukonurnar ofbeldi enda lítið talað um viðkvæm málefni. Þó kemur fram að Sesselju Sveinsdóttir hafi fundist hún „hálfpartinn“ þurfa að strjúka að heiman þegar fósturfaðir hennar vildi giftast henni eftir að fósturmóðir hennar lést. Ómögulegt er að lesa úr þeirri frásögn hvernig samskiptum þeirra var háttað og hvort eitthvað slæmt átti sér stað á milli þeirra annað en að hann vildi giftast henni.<sup>97</sup> Elín Daníelsdóttir segir frá atviki sem átti sér stað þegar maður falaðist eftir henni eftir að hún hafði auglýst eftir stöðu. Samkvæmt Elínu hafði hann „vonda fylgd.“ Hún óttaðist hann og var með einhvern vandræðagang og datt af borðinu sem hún hafði tyllt sér á. Þá komu húsbændur hennar að og spurðu manninn hvað hann væri að reyna og hann hrökklaðist út við

---

<sup>93</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5863.

<sup>94</sup> Sigríður Hjördís Jörundsdóttir „Fáar voru frelsisstundirnar“, bls. 17.

<sup>95</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5838.

<sup>96</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 7312.

<sup>97</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5833.



illan leik.<sup>98</sup> Í frásögn Elínar kemur ekkert fram hvað átti sér stað, en atvikið fékk greinilega á hana.

#### 4.8 Ástæða fyrir vistinni, tækifæri til að læra?

Helsta ástæða þess að konurnar fóru í vist er sú að flestar voru þær af fátæku fólki komnar og þurftu snemma að fara að vinna fyrir sér. Lítið var í boði fyrir ungar stúlkur af efnalítlum heimilum annað en að vinna á heimilum annarra eða fara í fiskvinnu. Sumar treystu sér ekki í fiskvinnu, ýmist vegna heilsufarsástæðna, eða vegna þess að fiskvinna var stopul og erfitt á hana að treysta.<sup>99</sup> Bjarnína Sigríður Jónsdóttir kom frá Borgarfirði, en þar var enga fiskvinnu að fá, og komu þá bara heimilisstörfin til greina. Bjarnína sagði að hún hefði farið í vist bæði til þess að læra húsverk og til að vinna fyrir sér. Samkvæmt Bjarnínu „var enginn kvennaskóli til þá og hjá myndarlegum húsmæðrum lærði maður eflaust ekki minna en maður myndi læra á skóla.“<sup>100</sup> Steinunn Sigurðardóttir sagði að það hafði verið „algengt ... að ungar stúlkur færu að heiman til að læra“<sup>101</sup> og eru fleiri konur sem taka undir þessi viðhorf og nefna að þær vildu fá að sjá eitthvað og læra.<sup>102</sup>

Jónína Sigurðardóttir sagði að tilgangurinn hafi verið að komast í góða vist til að læra handavinnu og matreiðslu. En vistin var einnig það eina sem bauðst á veturna og launin voru lág.<sup>103</sup> Ingibjörg Thorarensen fluttist til Reykjavíkur til að vinna og réð sig í vist hjá hjónunum Sæmundi Bjarnhéðinssyni lækni og eiginkonu hans Christophine Bjarnhéðinsson hjúkrunarkonu á Laugavegi og var þar í tvö ár, frá 1918–1920. Ingibjörg sagði að markmiðið væri að komast á gott heimili svo hún gæti lært eitthvað, en það brást á þessu heimili. Þar líkaði henni illa, hún lærði ekkert af húsmóður sinni, sem sinnti heimilinu lítið, og samkvæmt Ingibjörgu var hún nísk á mat. Samkvæmt Ingibjörgu gerði frúin ekkert annað en að reykja vindla og taka á móti gestum, „hún var engin húsmóðir, þetta var ekkert heimili“ var mat Ingibjargar.<sup>104</sup> Umrædd Christophine var fyrsta menntaða hjúkrunarkonan hér á landi og var mikill brautryðjandi í þeim málaflokki.<sup>105</sup> Hún hefur eflaust ekki haft áhuga á að vera húsmóðir

---

<sup>98</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5853.

<sup>99</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svör nr. 5834, 5837 og 5846.

<sup>100</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 7312.

<sup>101</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 7395.

<sup>102</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5847.

<sup>103</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5863.

<sup>104</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5846.

<sup>105</sup> Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld*, bls. 2-4; Lýður Björnsson, *Saga Hjúkrunarskóla Íslands*, bls. 13.

sem kenndi ungum stúlkum hússtjórn, enda réði hún sér stúlku til að sjá alfarið um heimilið. Hér verður að hafa í huga að viðhorf Ingibjargar til hlutverks húsmæðra hefur eflaust haft áhrif á skoðun hennar á frú Bjarnhédinsson sem hefur eflaust ekki fallið inn í ríkjandi hugmyndir samfélagsins um konur. Eftir dvölinu á Laugaveginum fékk Ingibjörg vinnu í Landshöfðingjahúsinu hjá Elínu Stephensen og eiginmanni hennar, Júlíusi Guðmundssyni, stórkaupmanni. Þar líkaði henni vel og taldi hún sig hafa lært ýmislegt af húsmóðir sinni.<sup>106</sup>

Vilborg Jónbjarnadóttir „vildi fá eitthvað að sjá og læra.“ Hún hafði verið í kvöldskóla í mánuð veturinn 1918, en hann lagðist af sökum spænsku veikinnar. Henni var boðið að koma í skólann að Núpi í Dýrafirði, en bróður hennar, sem bjó á Akranesi, leist illa á að hún færi í skóla. Hann vildi frekar að hún kæmi á Akranes að vinna. Hún fór í vist hjá vel stæðum hjónum í bænum og fannst hún hafa lært ýmislegt er varðar heimilishald af frúnni. Hún hafði sjálf unnið á góðu heimili í Borgarnesi og kunni mikið fyrir sér.<sup>107</sup> Það er áhugavert að sjá hvernig Vilborg gaf drauminn um frekari menntun upp á bátinn, en Vilborg var einungis 15 ára þegar hún fór að vinna og því undir lögaldri. Henni hefur líklega fundist hún ekki geta farið gegn vilja bróður síns, sem var eldri en hún.

Margar kvennanna höfðu svipaða sögu að segja um ástæðu þess að þær fóru í vist. Þær vildu „sjá eitthvað og heyra“, eins og nokkrar komust að orði, læra heimilisstörfun, og litu svo á að þær gætu lært ýmislegt á góðu heimili, en einnig vegna þess að þær þurftu að sjá fyrir sér og atvinnutækifæri kvenna voru ekki mörg. Margar töldu sig hafa lært mikið af því að vera í vist þó þær hafi yfirleitt kunnað ýmislegt í heimilisstörfunum áður en þær fóru að vinna. Það helsta sem þær lærðu laut að matreiðslu en einnig minnst þær á að hafa lært hússtjórn og að bera ábyrgð á heimilisstörfunum, leggja á borð og sauma.<sup>108</sup> Margar minnst á það að þær hafi tekið ýmislegt sem þær lærðu með sér af þeim heimilum sem þær unnu á þegar þær stofnuðu sjálfar heimili.<sup>109</sup>

---

<sup>106</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5846.

<sup>107</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svar nr. 5850.

<sup>108</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 5852, 5861, 5860, 5856, 5847 o.fl.

<sup>109</sup> Vef. Þjms. „Konur í vist“, svör nr. 7312, 5862, 5847 o.fl.

## Niðurstöður

Vinnukonur sem unnu inni á heimilum fólks voru stærsta stétt vinnandi kvenna á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar. Á tímabilinu var litið svo á að vinnukonustörfin ættu að vera tímabundin staða í lífi kvenna, frá því þær færu af heimilum foreldra sinn og þar til þær giftu sig.

Í ritgerðinni var leitast við að skoða vinnukonur á fyrstu ártugum 20. aldar og skoða aðstæður þeirra í þéttbýli, vinnuskyldur þeirra, kaup, kjör og ástæðu þess að þær réðu sig í vist og hvort þær hafi litið á vistina sem tækifæri til að mennta sig í húsmóðurhlutverkinu. Til grundvallar rannsókninni eru svör við spurningalista Þjóðháttasafns á Þjóðminjasafni Íslands en þar eru frásagnir 27 kvenna sem unnu inni á heimilum í þéttbýli á árunum 1909–1937.

Á fyrstu áratugum 20. aldar sá Ísland einu mestu þjóðfélagsbreytingar fyrr eða síðar þegar fólk fluttist í miklum mæli úr sveitum landsins í þéttbýli og fiskiðnaður varð helsta atvinnugrein þjóðarinnar. Á sama tíma batnaði réttarstaða kvenna svo um munar, en lög um kosningarétt kvenna og jafnan rétt á við karlmenn til náms og embætta voru veigamestu breytingarnar á borgarlegum réttindum kvenna. En á sama tíma og konur fengu aukin borgarleg réttindi voru uppi háværar raddir um að eðli kvenna gerði það að verkum að þær væru best fallnar til að sinna heimili og barnauppleði og festist svokölluð húsmæðrahugmyndafræði sig allverulega í sessi á millistríðsárunum. Slíkar hugmyndir takmörkuðu að einhverju leyti möguleika kvenna á opinbera vettvanginum.

Í upphafi þéttbýlismyndunar fluttu konur í stórum stíl í vaxandi þéttbýli landsins, en þar áttu konur meiri möguleika á að skapa sér sjálfstæða tilveru með auknum atvinnutækifærum og hærri launum en í sveitunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að flestar kvennanna komu úr dreifbýli og fluttu í þéttbýli til að vinna fyrir sér eða sækja sér einhverskonar menntun. Þær unnu á ólíkum heimilum, á heimilum alþýðufólks og á efnamiklum heimilum. Í frásögnum þeirra ber þó mest á efnamiklum heimilum. Aðstæður á þeim heimilum voru líklega betri en þær þekktu frá æskuheimilunum. Rafmagn og rennandi vatn inn í hús var komið á betri heimili, fjölbreyttur og góður matur, auk þess sem heimilin voru oft stór og íburðarmikil. Vinnuskyldur vinnukvenna voru miklar og vinnudagarnir því oft langir og erfiðir. Frítíminn var lítill og launin lág og dugðu rétt svo til þess að fata þær og réttastaða þeirra gagnvart húsbændum var ekki sterk. Margar stúlkur réðu sig í hálf dags vist því þær vildu fara á námskeið, m.a. að læra að sauma, og voru þá laun þeirra í mörgum tilfellum fæði og húsnæði. En margar sögðu að atvinnutækifæri kvenna hefðu verið fá og sögðu sumar að þær höfðu ekki treyst sér að vinna í fiski af ýmsum ástæðum. Flestar fóru í vist því þær þurftu að vinna fyrir sér þótt markmiðið

hafi yfirleitt verið að fara inn á góð heimili þar sem þær gátu lært eitthvað af húsmæðrum sínum er laut að hússtjórn og heimilisstörfum. Þvi má segja að þær hafi litið á vistina sem einskonar nám í hússtjórn og heimilisstöfum og endurspeglar orð Ástrósar Jóhannsdóttir þau viðhorf: „Ég hef engan svikið með mínum verkum, allt var þetta skóli.“<sup>110</sup>

---

<sup>110</sup> Vef. *Þjms.* „Konur í vist“, svar nr. 5860.

## Heimildarskrá

### Vefheimildir:

Vef. Þjms. (Þjóðminjasafn Íslands). Þjóðháttafagn.

„Konur í vist“, spurningaskrá 55a. Þjóðháttafagn Þjóðminjasafn Íslands.

<http://sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=556617>

„Rafvæðing I. Þegar rafmagnið kom“, spurningaskrá 96. Þjóðháttafagn Þjóðminjasafn Íslands. <http://sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=531197>

### Óprentaðar heimildir:

Ábs. Kristín Ástgeirsdóttir, *Konur í vist í þéttbýli 1909–1956*. 1983.

Lbs.-Hbs. (Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn) Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Atvinna kvenna í Reykjavík 1890–1914*. Cand.-mag ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1981.

### Prentaðar heimildir:

Abrams, Lynn, *The Making of Modern Woman: Europe 1789–1918* (London: Routledge 2002).

Arndís S. Árnadóttir, *Nútímaheimilið í mótun- fagurbætur, funksjónalímsi og norræn áhrif á íslenska hönnun*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2011).

Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands 1998).

Eggert Þór Bernharðsson, *Sveitin í sálinni. Búskapur í Reykjavík og myndun borgar* (Reykjavík: JPV 2014).

Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun, RIKK 2011).

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fólksfjölda- og byggðarþróun 1890–1990“, *Íslensk þjóðfélagsþróun 1890-1990: Ritgerðir*. Ritstj. Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnum Háskóla Íslands 1993), bls. 75–11.

Guðmundur Jónsson, „Hagþróun og hagvöxtur á Íslandi 1914–1960“, *Frá kreppu til viðreisnar. Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930 til 1960*. Ritstj. Jónas H. Haralz (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2002), bls. 9–39.

- Guðný Gústafsdóttir, „Kvenleiki sem orðræða“, *Söguþing 2012. Ráðstefnurit* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun 2013).
- Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndum 1874–1918“, *Saga Íslands X*, ritstj. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 2009), bls. 5–312.
- Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík: Hagstofa Íslands 1997).
- Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*. Ritstj. Guðmundur Jónsson, Guðjón Friðriksson og Gunnar Karlsson (Reykjavík: Sögufélag 2010).
- Lýður Björnsson, *Saga Hjúkrunarskóla Íslands 1931–1986* (Reykjavík: Hjúkrunarfélag Íslands 1990).
- Margrét Guðmundsdóttir, „Landnám kvennasögunnar á Íslandi“, *Saga* 38:1 (2000), bls. 229–247.
- Margrét Guðmundsdóttir, *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld* (Reykjavík: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 2010).
- Ólöf Garðarsdóttir, „Þáttur kvenna í flutningum til sjávarsíðunnar við upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi“, *Rannsóknir í félagsvísindum* 2 (1998), bls. 243–252.
- Scott, Joan W., „Gender: A Useful Category of Historical Analysis“, *The American Historical Review* 91 (1986), bls. 1053–1075.
- Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, „Fáar voru frelsisstundirnar“, *Sagnir* 14:1 (1993), bls. 14–20.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „„Hinn þröngi hringur“ Umræðan um hlutverk og eðli kynjanna um aldamótin 1900“, 2. íslenska söguþingið 30 maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I, ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík: Sagnfræðistofnun o.fl. 2002), bls. 54–63.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir, „Mitt hjarta svarar ekki“, *Kvennaslóðir-Rit til heiðurs Önnu Th. Erlendsdóttir*. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsd. o.fl. (Reykjavík 2001), bls. 456–465.

Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Færar konur“: Frá mæðrahyggju til nýfrjálshyggju- hugmyndir um opinbera þátttöku kvenna 1900–2010“, *Saga* 49:1 (2013), bls. 53–93.

Sigríður Pálsdóttir Blöndal, „Eðli og hlutverk kvenna“, *Hlín* 10:1 (1926), bls. 89–121.

Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Reykvískar konur í atvinnulífinu 1880–1914“, *Reykjavík miðstöð þjóðlífs*. Kristín Ástgeirsdóttir sá um útgáfuna (Reykjavík: Sögufélagið 1977), bls. 40–61.

Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands 1993).

Sigurður Gylfi Magnússon, „Hugarfarið og samtíminn: framþróunarkenningin og vestræn samfélög“, *Ný saga* 2:1 (1988), bls. 28–39.

Sigurður Gylfi Magnússon, „Hús og híbýli alþýðumanna. Fátækt á Íslandi á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. í máli og myndum“, *Híbýli fátæktar. Húsnæði og veraldleg gæði fátæks fólks á 19. og fram á 20. öld*. Ritstj. Davíð Ólafsson, Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2019), bls. 15–51.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland*. (London: Reaktion Books Ltd. 2010).

Simonton, Deborah, „Women workers; working women“, *The Routledge History of Women in Europe since 1700*. Ritstj. Deborah Simonton (London: Routledge 2006), bls. 134–176.

Símon Jón Jóhannsson og Ragnhildur Vigfúsdóttir, *Íslandsdætur. Svipmyndir úr lífi íslenskra kvenna 1850–1950* (Reykjavík: Örn og Örlygur hf. 1991).

Sumarliði R. Ísleifsson, *Í straumsamband: Rafmagnsveita Reykjavíkur 75 ára* (Reykjavík: Rafmagnsveita Reykjavíkur 1996).

Vísir 1920-1921.

## Töfluskrá

**Tafla 1 - bls. 12.** Uppruni.

**Tafla 2 - bls. 13.** Aldursdreifing.

**Tafla 3 - bls. 13.** Hvar konurnar voru í vist.